

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 5. júní 2023
UST202305-196/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag – Eystri - Loftstaðir– Flóahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 16. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Eystri – Loftstaði í Flóahreppi.

Í greinargerð kemur fram tillagan gerir ráð fyrir fjórum byggingareitum á tveimur lóðum. Á reit A er heimilt að reisa hesthús og geymslu/skemmu, á reit B er heimilt að reisa íbúðarhús og 2 aukahús s.s. gestahús, gróðurhús og skemmu, á reit C er heimilt að reisa hesthús og geymslu/skemmu og á reit D er heimilt að reisa íbúðarhús og 2 aukahús s.s. gestahús, gróðurhús og skemmu.

Hraun og fuglalíf

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að innan svæðisins er Þjórsárhraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum¹ og svæðið sem tillagan nær til er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði.² Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að fjallað sé um áhrif tillögunnar á hraun og fuglalíf í umhverfismatsskýrslu og tillagan í samræmi við ákvæði laganna.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Björn Stefánsson
sérfræðingur

¹ <https://serstokvernd.ni.is/>

² <https://vistgerdakort.ni.is/>